

Föstudagur, 30. ágúst 2002

187. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 29/2002

Erindi HOB-vína ehf. vegna meintra viðskiptahindrana ÁTVR

I.

Erindið

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi þann 4. mars 2002 frá HOB-vínum ehf. Í erindinu segir að HOB-vín flytji inn hvítvín, svokallað BAG-in-BOX. Varan sé í 5 lítra umbúðum sem teljist innri jafnt sem ytri umbúðir og beri varan því aðeins eitt strikamerki. Þá segir að varan sé afhent HOB-vínum frá framleiðanda á pöllum og séu 150 sölueiningar á hverjum palli. HOB-vín segja að vörunni sé dreift svona til allra heildsala sem skipta við þennan framleiðanda. Einnig segir að HOB-vín hafi upplýsingar frá sínum birgja um að þessari vöru sé dreift vandkvæðalaust af miðlægum vöruhúsum áfengiseinkasala í Noregi og Svíþjóð. Jafnframt hafi þessari vöru verið dreift vandkvæðalaust í þessu formi af heildsölum í Danmörku sem og í öðrum ríkjum Evrópu. HOB-vín segja að nú beri svo við að ÁTVR neiti að taka við vörunni í þessu formi og geri þá kröfu að varan komi í kössum eða plastpökkuðum bökkum með ytra og innra strikamerki. HOB-vín telja að höfnun ÁTVR á að taka við vörunni í því formi sem hún kemur frá framleiðanda hennar hindri aðgengi hennar að neytendum þar sem íslenska ríkið hafi tekið að sér einkasöluleyfi á smásölustigi og því sé ekki í önnur hús að venda. Það er skoðun HOB-vína að ÁTVR sé í vandræðum með vöruhúsakerfið sitt og því séu þessi markaðshindrandi skilyrði sett.

II. Málsmeðferð

1.

Samkeppnisstofnun óskaði eftir umsögn frá ÁTVR vegna erindis HOB-vína með bréfi stofnunarinnar, dags. 7. mars 2002. Umsögn ÁTVR barst með bréfi, dags. 12. mars 2002.

Í umsögn ÁTVR segir að ÁTVR selji áfengi í smásölu. Varan sé tekin inn í vöruhús ÁTVR og henni dreift þaðan til 39 verslana sem ÁTVR rekur víðs vegar um landið. Þá segir að ÁTVR starfi samkvæmt sérstöku gæðakerfi þar sem mikil áhersla sé lögð á hreinlæti í verslunum og ekki síst að sölueiningar séu hreinar og óskemmdar. Á Íslandi sé áfengi skilgreint sem matvara. ÁTVR segir að vara geti átt langa leið fyrir höndum til neytenda frá því að hún berist frá heildsala inn í birgðastöð ÁTVR.

Þá segir að það hafi verið grundvallaratriði við vörudreifingu ÁTVR að vara kæmi í „ytri umbúðum“. Það hafi þótt svo sjálfgefið að þessa hafi aðeins verið óbeint getið í t.l. 5.3. í reglum um innkaup og sölu áfengis nr. 622/2001 en þar segi „*Strikamerki-EAN eða UPS- verða að vera á hverri sölueiningu og hverjum kassa*“. ÁTVR segir að þarna sé verið að tala um innri og ytri umbúðir.

Einnig segir að ljóst megi vera að bærast vara í umbúnaði sölueininga til ÁTVR yrði að gerbreyta vinnubrögðum við móttöku og dreifingu vöru. Sem dæmi tekur ÁTVR að dós af bjór, flaska af víni og þriggja lítra flaska af viskí séu sölueiningar. BAG-in-BOX 5 lítra sé sölueining sem eigi og þurfi að vera hrein og óböggluð þegar viðskiptavinurinn fær hana í sína vörslu.

ÁTVR segir að hingað til hafi þessari vöru einungis verið dreift í sérdeild vínbúðarinnar Heiðrúnar. Sérkenni þeirrar deildar sé, að þar sé boðið fram lítið magn af hundruðum tegunda áfengis og birgjar gátu borið inn á lager í stökum sölueiningum það sem þeir buðu til sölu. Ætla megi að HOB-vín hafi gert ráð fyrir að sömu reglur giltu um móttöku vöru til dreifingar um allt land og þá smáskammta er hafi verið tekið við í Heiðrúnu. Með það í huga hafi ÁTVR fallist á að dreifa BAG-in-BOX til og með 1. september 2002, þótt ytri umbúðir séu ekki um sölueiningar. ÁTVR muni á þessum tíma leysa úr þeim vanda er því fylgir að aðeins eitt strikamerki er á vörunni.

Jafnframt segir ÁTVR að íslenski markaðurinn sé örsmár miðað við þau lönd sem vitnað sé til í erindi HOB-vína. Þrátt fyrir það séu miklu fleiri vínbúðir á Íslandi en í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Þessi fjöldi verslana þýði örskammta í dreifingu. Notkun gáma sem komi með vöru beint frá framleiðanda og fara að dyrum vínbúða sé óþekkt.

ÁTVR segist hafa gefið HOB-vinum frest til 31. ágúst 2002 til að gera birgjum sínum grein fyrir þeim reglum sem fylgja þarf við dreifingu áfengis til verslana ÁTVR. ÁTVR vísar til þess að samræmdar reglur gildi um alla birgja er selji ÁTVR vöru og er því hafnað að reglurnar séu tæknileg viðskiptahindrun gagnvart HOB-vinum.

2.

Umsögn ÁTVR var send HOB-vinum með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 13. mars 2002. Athugasemdir HOB-vína bárust Samkeppnisstofnun þann 4. apríl 2002.

Í athugasemdum HOB-vína segir að framleiðandi vörunnar á Spáni framleiði vörur sínar samkvæmt gildandi reglum Matvælastofnunar Evrópu. Samkvæmt HOB-vinum eru umbúðir, innihald og merkingar í samræmi við þær reglur. Þá segir að þessum vörum sé jafnframt dreift í því formi, sem um sé deilt, til heildsala um alla álfuna og þaðan til smásala á öllu efnahagssvæðinu. Framleiðandinn hafi hvergi nema á Íslandi rekist á viðlíka tálma og hér sé kvartað undan.

Einnig segir að sú staðreynd að áfengi sé skilgreint sem matvara hljóti að leiða til þess að varlega sé farið með vöruna í verslunum ÁTVR, jafnvel þó að hún sé ekki í „ytri umbúðum“ samkvæmt skilgreiningu ÁTVR. Af því leiði að ótti um að varan komist ekki hrein eða óskemmd á leiðarenda, eftir meðhöndlun starfsmanna ÁTVR, ætti að vera ástæðulaus, allavega geti ekki talist eðlilegt að innflytjandi vörunnar þurfi að bera skaða af því.

Forsvarsmaður HOB-vína kannast ekki við þá reglu ÁTVR að vara verði að vera í „ytri umbúðum“ enda sé þeirra ekki getið í bréfinu heldur beinlínis á það bent að í reglum um innkaup og sölu áfengis nr. 622/2001 sé þess ekki getið. Túlkun um að þess sé óbeint getið í tl. 5.3. eigi ekki við rök að styðjast. HOB-vín telja miklu nær að líta svo á að orðalag tilvitnaðs töluliðar geri ráð fyrir að ÁTVR taki við vöru eins og þeirri, sem hér um ræðir. Strikamerki sé á hverri sölueiningu sem jafnframt sé kassi.

HOB-vín draga í efa skilgreiningu ÁTVR á ytri umbúðum. Í skeyti sem barst HOB-vinum frá ÁTVR segir orðrétt: „*Varan þarf að koma í kössum eða bökkum (og plastpökkuð) með ytri og innri strikamerki. Fjöldi í pakka (kassa) er í sjálfu sér í ykkar höndum*“.

Þá segir loks í athugasemdum HOB-vína:

„*Vinnubrögð og reglur ÁTVR virðast vera handahófskenndar. Varan, 150 sölueiningar, kemur plastpökkuð á einu bretti. Strikamerki eru á hverri sölueiningu og á bretti. Sami háttur er sem fyrr segir hafður á um allan heim. Sætir jafnframt furðu að ÁTVR geri ríkari kröfur um umbúðir en aðrir gera á sama tíma og yfirvöld heilbrigðis- og umhverfismála í Evrópu krefjast samdráttar á því sviði. Skiptir þó*

meira máli að krafan felur í sér óeðlilegan kostnaðarauka fyrir framleiðandann og innflytjandann. Það er einnig samkeppnishamlandi að mati undirritaðs“.

3.

Umsögn HOB-vína var send ÁTVR með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 4. apríl 2002. Athugasemdir ÁTVR bárust Samkeppnisstofnun þann 17. apríl 2002.

Í athugasemdum ÁTVR segir að rökin fyrir tilvitnaðri reglu eða áskilnaði í grein 5.3. séu auðsæ þeim sem til þekki. ÁTVR segir það ótækt upp á alla meðhöndlun vörunnar, lagerbókhald og aðra þætti að tekið sé við vöru í stykkjatali af birgjum. Með öðrum orðum telur ÁTVR að það séu fullgild efnisleg rök sem liggja að baki reglunni en ekki ómálefnalegar ástæður sem ætlað sé beinlínis að mismuna birgjum eða framleiðendum án þess að efni stæðu til.

Þá segir í athugasemdum ÁTVR:

„Nú er 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, m.s.br. vissulega allra góðra gjalda verð og ber umbj. mínum [ÁTVR] að sjálfsögðu eins og öðrum að tryggja að ekki séu settar skorður við samkeppnishæfni. Það hefur og verið í hávegum haft að hlíta því lagaboði eins og raunar öðrum og ekki ómerkari, eins og t.d. hinni margumræddu jafnræðisreglu. Það er m.ö.o. liður í þeirri framkvæmd að gera sömu kröfur til birgja varðandi frágang og afhendingu á vöru. Ef einum liðist einfaldari afhending á vöru en öðrum væri það vissast samkeppnisbrot“.

Jafnframt segir í athugasemdum ÁTVR að kjarni málsins hljóti ævinlega að vera sá að tryggja jafnræði aðila, þ.e. að allir hafi sama aðgang og sömu möguleika á markaði. Ljóst sé að ef þröngva eigi ÁTVR til þess að veita vörunni viðtöku með þeim hætti sem HOB-vín fara fram á, sem auðvitað væri gerlegt, hlytist af því viðbótarkostnaður. Þá segir ÁTVR að á meðan álagningarprósenta fyrirtækisins sé sú sama á allar vörutegundir, óháð frágangi og kostnaði við meðhöndlun vörunnar, sé ljóst að þeim kostnaði yrði m.a. deilt á aðra viðskiptamenn. Því þyrfti án efa að koma til breytileg álagning á einstakar vörutegundir til að þess að gæta fyllsta jafnræðis. ÁTVR segir að önnur leið að sama marki sé sú að gera sömu kröfur til allra um afhendingu og aðra skilmála líkt og gert sé nú með innkaupareglunum. Þá hafi framleiðendur og umboðsmenn þann kost að velja hvort þeir kjósa að hætta viðskiptum eða beygja sig undir sömu reglur og aðrir menn, jafnvel þó það hafi í för með sér einhvern auka kostnað.

ÁTVR segir sérstöðu fyrirtækisins, skv. EES-samningnum og áfengislögum, þ.m.t. tilliti til svokallaðra heilbrigðissjónarmiða, hafi margoft verið staðfest af hérlendum samkeppnisyfirvöldum. Sama eigi við um sambærileg mál meðal annarra Norðurlandþjóða. Meginatriðið sem þar hafi ævinlega komið fram sé hins vegar að innan þess ramma sem löggjafinn hefur búið starfseminni þarf fyrirtækið að gæta

margnefnds jafnræðis fyrst og fremst. Meðan það sé gert þannig að öll frávik og reglur séu byggðar á málefnalegum grunni, sé að mati ÁTVR fráleitt að tala um brot á samkeppnislöggjöfni og þá kannski einna síst á tilvitnaðri 11. gr. laganna.

Það sé því niðurstaða ÁTVR að með því að neita viðtöku á hinni umþrættu vöru í stykkjatali sé fyrirtækið miklu fremur að gæta þess höfuðatriðis í umgengni sinni við viðskiptamenn fyrirtækisins að varðandi túlkun og framkvæmd reglnanna sé þess gætt að allir sitji við sama borð.

4.

Erindi HOB-vína og athugasemdir ásamt umsögnum og athugasemdum ÁTVR voru sendar fjármálaráðuneytinu til umsagnar með bréfi, dags. 22. apríl 2002. Umsögn ráðuneytisins barst Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 2. maí 2002.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins segir að ÁTVR starfi skv. lögum nr. 63/1969 um verslun með áfengi og tóbak og annist dreifingu og smásölu áfengis undir yfirstjórn fjármálaráðherra. Samkvæmt 2. ml. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 63/1969 skuli þess gætt að jafnræði gildi gagnvart öllum áfengisbirgjum. Þá segir fjármálaráðuneytið að í ljósi stöðu ÁTVR sem einkasölu ríkisins sé mjög mikilvægt að ÁTVR gæti þess að sömu reglur gildi um alla sem viðskipti eiga við verslunina. Það myndi stangast á við það ef einn aðili sætti ívilnandi meðferð.

Loks segir í umsögn fjármálaráðuneytisins:

„Að baki framangreindri reglu ÁTVR í samskiptum sínum við áfengisbirgja búa hagkvæmnis- og heilbrigðissjónarmið, sbr. upplýsingar frá ÁTVR, auk þess sem leitast er eftir því að gæta jafnræðis í viðskiptum við áfengisbirgja. Ráðuneytið lítur því svo á að hlutlægar ástæður liggi að baki kröfum ÁTVR en ekki „tæknilegar viðskiptahindranir“ enda hagsmunir ÁTVR af því vandséðir.“

5.

Umsögn fjármálaráðuneytisins, dags. 2. maí 2002, var ásamt síðustu athugasemdum ÁTVR, dags. 17. apríl 2002, send HOB-vinum til upplýsingar. Ekki var talin þörf á frekari athugasemdum frá aðilum málsins. Athugasemdir bárust þó frá HOB-vinum þann 13. maí 2002.

6.

Athugasemdir HOB-vína voru sendar til ÁTVR með bréfi Samkeppnisstofnunar þann 15. maí 2002. Athugasemdir ÁTVR bárust Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 22. maí 2002. Í bréfi ÁTVR segir að fyrirtækið hafi ekki frekar athugasemdir fram að færa.

III. Niðurstaða

Á fundi samkeppnisráðs, þann 30. ágúst 2002, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í erindi HOB-vína segir að fyrirtækið flytji inn hvítvín, svokallað BAG-in-BOX. Varan sé í 5 lítra umbúðum sem að mati fyrirtækisins séu jafnt innri sem ytri umbúðir og beri varan því aðeins eitt strikamerki. Þá segir að varan sé afhent HOB-vínum frá framleiðanda á pöllum og séu 150 sölueiningar á hverjum palli. Nú beri svo við að ÁTVR neiti að taka við vörunni í þessu formi og geri þá kröfu að varan komi í kössum eða plastpökkuðum bökkum með ytra og innra strikamerki. Fjöldi sölueininga í pakka/kassa sé í höndum fyrirtækisins. HOB-vín telja að höfnun ÁTVR á að taka við vörunni í því formi sem hún kemur frá framleiðanda hennar hindri aðgengi hennar að neytendum þar sem íslenska ríkið hafi tekið sér einkasöluleyfi á smásölustigi og því sé ekki í önnur hús að venda.

ÁTVR segir að vörur séu teknar inn í vöruhús ÁTVR og þeim dreift þaðan til 39 verslana sem fyrirtækið reki víðs vegar um landið. ÁTVR segist starfa eftir sérstöku gæðakerfi þar sem mikil áhersla sé lögð á hreinlæti í verslunum og ekki síst að sölueiningar sé hreinar og óskemmdar. ÁTVR segir rökin fyrir reglunni um að vara verði að berast í ytri umbúðum séu ekki ómálefnaleg. Að mati ÁTVR sé það ótækt upp á alla meðhöndlun vörunnar, lagerbókhald og aðra þætti að tekið sé við vörunni í stykkjatali af birgjum. ÁTVR segir kjarna málsins sé sá að tryggja jafnræði birgja og að eitt gangi yfir alla.

2.

Við úrlausn þessa máls verður í upphafi að taka til athugunar með hvaða hætti samkeppnislög nr. 8/1993 taka til þess álitaefnis sem uppi er í málinu og hvaða úrræðum samkeppnislaga sé unnt að beita. Í lögum um verslun með áfengi og tóbak nr. 63/1969, sbr. lög nr. 95/1995, er kveðið á um starfsemi ÁTVR. Í 1. mgr. 2. gr. laganna segir að ÁTVR annist m.a. innflutning og innkaup á áfengi og dreifingu þess undir yfirstjórn fjármálaráðherra. Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 63/1969 kemur fram að fjármálaráðherra skuli skipa stjórn ÁTVR og setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag hennar.

Í 1. mgr. 2. gr. samkeppnislaga segir að lögin taki til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Samkvæmt framangreindu er því ljóst að starfsemi ÁTVR fellur almennt séð undir samkeppnislög þar sem

fyrirtækið stundar atvinnustarfsemi, sbr. ákvarðanir samkeppnisráðs nr. 33 og 37/1996. Eins og 2. gr. samkeppnislaga ber með sér er gildissvið samkeppnislaga víðfeðmt. Að sama skapi er því eftirlitshlutverk samkeppnisyfirvalda almenns eðlis og varðar bæði einka- og opinbera aðila. Þegar samkeppnisyfirvöld hafa til meðferðar mál sem varða opinber fyrirtæki sem lúta fyrirmælum stjórnvalda og starfa að einhverju leyti á grundvelli sérlaga er það í raun óhjákvæmanlegt að tekið sé til sjálfstæðrar skoðunar hvort ákvæði sérlaga eða stjórnvaldsfyrirmæla girði fyrir töku bindandi ákvarðana á grundvelli samkeppnislaga. Ber í þessu sambandi að hafa í huga að það er eitt af lögskipuðum hlutverkum samkeppnisráðs að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni, sbr. 5. gr. samkeppnislaga. Ef það er niðurstaða samkeppnisyfirvalda að sérlög hafi að geyma ótvíræð ákvæði sem heimila samkeppnishamlandi starfsemi, er einungis heimilt að beina álit skv. 19. gr. samkeppnislaga til þess ráðherra sem fer með viðkomandi málaflokk. Hið sama á við um stjórnvaldsfyrirmæli sem fela í sér röskun á samkeppni og hafa formlega lagaheimild og efnislega lagastoð, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 12/1997, *Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins gegn samkeppnisráði*.

3.

Markaðurinn sem um ræðir í máli þessu er heildsala á áfengi hér á landi í órofnun umbúðum til ÁTVR sem hefur einkarétt til smásölu áfengis, sbr. lög nr. 63/1969 um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum og áfengislög nr. 75/1998.. Kaupendur áfengis af heildsölum eru ÁTVR og fyrirtæki sem hafa leyfi til sölu á áfengi til neyslu á sölustað. Sú staðreynd að ÁTVR hefur lögbundið einkaleyfi til smásölu áfengis hér á landi leggur fyrirtækinu ríkari skyldur á herðar en ella, þar sem innflytjendur áfengis geta ekki komið vörum sínum til neytenda á þessum markaði nema í gegnum verslanir ÁTVR. Vegna hins lögbundna einkaleyfis hvílir sú skylda á ÁTVR að tryggja að hagsmunaaðilum sé ekki mismunað, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 63/1969 en þar segir:

„Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning og innkaup á vínanda, áfengi og tóbaki samkvæmt lögum þessum og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra. Þess skal gætt að jafnræði gildi gagnvart öllum áfengisbirgjum.“¹

4.

Með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 63/1969 hefur ráðherra sett nokkrar reglugerðir. Þeirra á meðal er reglugerð nr. 205/1998 um áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Í 13. gr. reglugerðarinnar er að finna svohljóðandi ákvæði:

¹ Leturbreyting samkeppnisráðs.

„Stjórn ÁTVR skal setja sérstakar reglur um val á vöru til sölu í vínbúðum. Reglurnar skulu annars vegar miða að því að tryggja vöruúrval með hliðsjón af eftirspurn kaupenda og hins vegar að því að tryggja framleiðendum og birgjum áfengis möguleika á að koma vörum í sölu í vínbúðum. Reglurnar skulu hljóta staðfestingu ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum.“

Með stoð í umræddu ákvæði hafa verið settar reglur og eru þær sem nú gilda nr. 622/2001 um innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja. Í reglunum kemur m.a. fram að áfengi er skipt upp í flokka til sölumeðferðar. Um er að ræða svonefnda kjarna, reynsluflokk, mánaðarflokk, sérlista Heiðrúnar og Kringlunnar, sérflokk og sérpantanir. Í 5. lið reglnanna koma fram skilmálar í viðskiptum við birgja. Í lið 5.3. er síðan að finna ákvæði sem um er deilt í máli þessu og hljóðar það svo:

„Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við íslensk lög. Strikamerki – EAN eða UPS – verða að vera á hverri sölueiningu og á hverjum kassa.“

Að mati samkeppnisráðs kunna efnisrök að standa til þess að settar séu reglur um stærð umbúða og gerð sölueiningar. Skilyrði fyrir gildi slíkra reglna er þó að þær styðjist við hlutlæg og málefnaleg sjónarmið þar sem ekki sé svigrúm fyrir yfirgripsmikið, huglægt mat á inntaki reglnanna, þær mismuni ekki einstökum birgjum eða séu á annan hátt til þess fallnar að raska samkeppni á markaðnum, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 27/1997 *Kvörtun Félags íslenskra stórkaupmanna yfir söluskilmálum ÁTVR*.

Það er hlutverk samkeppnisráðs í máli þessu að meta hvort reglan í grein 5.3. í innkaupareglunum sé samkeppnishamlandi. Í athugasemdum ÁTVR, dags. 17. apríl 2002, kemur fram það mat að fullgild efnisleg rök liggi að baki umræddri reglu. Að mati ÁTVR er það ótækt upp á alla meðhöndlun vörunnar, lagerbókhald og aðra þætti að tekið sé við vöru í stykkjatali af birgjum. Þá leggur ÁTVR áherslu á það í athugasemdum sínum að fyrirtækið hafi með innkaupareglunum verið að tryggja í sessi jafnræði aðila, þ.e. að allir hafi sama aðgang og sömu möguleika á markaði. Að mati samkeppnisráðs er það grundvallaratriði varðandi viðskiptahætti ÁTVR að jafnræði sé með þeim birgjum sem skipta við fyrirtækið. Þetta sjónarmið hefur margoft verið staðfest í ákvörðunum samkeppnisráðs á liðnum árum. Að mati samkeppnisráðs er sú krafa ÁTVR að varan sem fyrirtækið selur berist í innri jafnt sem ytri umbúðum ekki til þess fallin að vera samkeppnishamlandi. Að baki reglunni liggja hlutlæg og málefnaleg rök og hún er til þess fallin að stuðla að jafnræði meðal birgja sem allir þurfa að lúta sömu reglunni. Samkeppnisráð telur reglu þessa ekki torvela samkeppni með þeim hætti að ástæða sé til þess að beita 19. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

IV.
Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til að hafast frekar að í máli þessu.“